



Menntastoðir

Hvað er Menntastoðir?

Menntastoðir er tilvalin námsleið fyrir þá sem vilja hefja nám á ný og ná sér í grunnfögin í framhaldsskóla. Markmið Menntastoða er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni. Í náminu er lögð áhersla á að nemendur læri að læra, efla sjálftraust sitt og lífsleikni.

Kennslufyrirkomulag

Námið í Menntastoðum tekur um 6 mánuði (staðnám) eða 10-18 mánuði (síðdegisnámi/kvöldnám) og er námið metið sem 50 einingar inn í Háskólabráú Keilis. Munurinn á staðnámi og síðdegisnámi felst í því að staðnámið er dagskóli fimm daga vikunnar en síðdegisnámið er kvöld/helgarskóli.

Helstu námsgreinar eru:

Stærðfræði, íslenska, upplýsingatækni, enska, danska, námstækni, sjálfsstyrking

Kennsluhættir

Kennsluhættir Menntastoða miða við þarfir fullorðinna nemenda og leitast er við að veita nemendum góða þjónustu. Þannig skipa sjálfsefning, námstækni og hópefli stóran þátt í skólastarfinu. Hluti kennslu í Menntastoðum byggist á tölvum og því kostur að nemendur hafi aðgang að tölvu á námstímanum.

Kostnaður

Nám í Menntastoðum kostar 110 .000 kr. Hægt er að sækja um styrki hjá stéttarfélagum fyrir skólagjöldum. Jafnframt styrkir Vinnumálastofnun þá nemendur sem eru án atvinnu, eftir að gengið hefur verið frá náms-samningi. Náms-samningi við Vinnumálastofnun þarf að gera áður en nemandinn hefur námið. Greiða þarf námið fyrirfram. Nánari upplýsingar um greiðslufyrirkomulag námsins fæst hjá SÍMEY, www.simey.is eða í síma 420 5720.

Nemendur sem ljúka námi í Menntastoðum eiga kost á því að sækja um nám á Háskólabráú Keilis. Nám í Háskólabráú er láns hæft hjá LÍN, með þeim skilyrðum að námsmaður hafi áður lokið láns hæfu starfsnámi, þ.e. burtfararprófi / sveinsprófi úr skóla, eða hafi jafngilda reynslu úr atvinnulífinu, þ.e. starfsreynslu sem samsvarar fullri atvinnuþátttöku í a.m.k. fimm ár. (sjá nánar á www.lin.is).

Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að framhaldsskólar geti metið Menntastoðir til eininga hjá sér.